

## REGLUGERÐ

### um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina nr. 1572 (2004), 1584 (2005), 1643 (2005), 1727 (2006), 1782 (2007) og 1842 (2008) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina, sbr. ályktun nr. 1572 (2004).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1572/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 2. gr.

##### *Vopnasölubann.*

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Fílabeinsströndinni, sbr. 7. og 8. mgr. ályktunar nr. 1572 (2004) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

#### 3. gr.

##### *Landgöngubann.*

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 9. og 10. mgr. ályktunar nr. 1572 (2004) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

#### 4. gr.

##### *Frysting fjármuna.*

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, sbr. 11. og 12. mgr. ályktunar nr. 1572 (2004) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

#### 5. gr.

##### *Bann við viðskiptum með demanta.*

Bannað er að flytja inn óunna demanta frá Fílabeinsströndinni, sbr. 6. mgr. ályktunar nr. 1643 (2005) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

#### 6. gr.

##### *Undanþágur frá þvingunaraðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

#### 7. gr.

##### *Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 8. gr.

##### *Heimild.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Nr. 140

20. janúar 2009

9. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 20. janúar 2009.*

**Össur Skarphéðinsson.**

---

*Benedikt Jónsson.*

I. VIÐAUKI  
**Listi varðandi landgöngubann og frystingu fjármuna, sbr. 3. og 4. gr.**

Last updated 18 December 2006

*ANNEX*

1. Surname, First Names: BLÉ, Charles Goudé  
Alias: Général; Génie de kpo; Gbapé Zadi  
Address known in 2001: Yopougon Selmer, Bloc P 170; also at Hotel Ivoire  
Date of birth: 1.1.1972  
Place of birth: Guibéroua (Gagnoa)  
Passport or ID Number: PD. AE/088 DH 12  
Nationality: Ivorian  
Other information: Leader of COJEP ("Young Patriots").
2. Surname, First Names: KOUADIO, Djué Ngoran Eugène  
Date of birth: 20.12.1969 or 1.1.1966  
Passport or ID Number: 04 LE 017521 issued on 10 February 2005 and valid until 10 February 2008  
Nationality: Ivorian  
Other information: Leader of the Union des Patriotes pour la Libération Totale de la Côte d'Ivoire (UPLTCl).
3. Surname, First Name: FOFIE, Martin Kouakou  
Date of birth: 1.1.1968  
Nationality: Ivorian  
Other information: Chief Corporal New Force Commandant, Korhogo Sector.'

---

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2009